

Samþykkt

187
14. des.

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar af öllum bátum og skipum í verstöðum Fáskrúðsfjarðar, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877.

1. Frá byrjun maímánaðar til jóla má enginn leggja lóðir utar í sjó en að línu þeirri, er hjer segir:
b, fyrir Fáskrúðsfirði ræður lína dregin úr Strembitanga yzt í Andey og þaðan í Hafnarnessfles.
2. Það skal ákveðið af þriggja manna nefnd, hve margir bátar, miðað við línutölu á hverjum bát, geti mest, að skaðlausu (þannig að ein lína þurfi ekki að vera lögð ofan í aðra), notað hverja veiðistöð fyrir sig, en veiðistöðvar eru: Fáskrúðsfjarðar frá línunni, sem að ofan er til tekin inn að línu, sem hugsast dregin frá Árna-gerðisklöpp og í Víkurhaga. Nefnd þessi skal á sínum tíma kosin af sýslunefndinni, og sje 1 maður kosinn úr Norðfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Nefndarmenn þessir skulu áður vinna eið að því, að framkvæma þetta starf eptir beztu samvizku og hlutdrægnislaust. Skal þeim veitt borgun úr sýslusjóði fyrir starfa sinn eptir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.
3. Forgangsriett til að nota verstöðina hafa íbúar hlutadeigandi fjarðar, sem gjöra nægilega grein fyrir, að þeir á vertíðinni muni virkilega halda út, þá aðrir sýslubúar með sama skilyrði, þá aðrir innlendir eins, og loks útlendir innanríkismenn.
4. Á hverju ári í marzmánaðarlok tilkynna hreppsnefnd sýslumanni, hve margar línur innanhreppsmenn ætla að nota í verstöðinni, ákveður svo sýslumaður samkvæmt 2. gr., hverjir utanhreppsmenn megi einnig nota verstöðina og tilkynna það hlutadeigandi hreppsnefnd jafnóðum. Engir aðrir mega nota hlutadeigandi verstöð en þeir, sem eru innanhreppsmenn eða hafa leyfi sýslumanns, skal öllum öðrum vísað burt; dugi það ekki, má gjöra upptæk veiðigögn þeirra fyrir sektum, sem þeir þannig eru í fallnir.
5. Enginn má afhöfða eða slægja fisk á sjó úti og ekki mega þilskip, sem liggja fyrir akkeri á fjörðum, en hafa báta úti til fiskjar, gjöra það nema á landi; komi bátur úr róðri með slægðan fisk, skoðast hann að hafa brotið þessa grein, nema hann strax sanni og leiði votta að, að hann hafi gjört það á landi.
6. Handfæri, skötulínu og gagnvaði, má hver stunda, hvar sem hann vill.
7. Allir eru skyldir að hafa brennimark eða annað glögg merki á uppistöðum sínum og tilkynna það hlutadeigandi hreppsnefnd.
8. Enginn má vísitandi leggja línu ofan í línu annars manns.
9. Útgjörðarmaður báta og skipstjóri á þilskipum hafa að öllu leyti ábyrgð á því, er sjómenn hans brjóta samþykkt þessa; aptur á móti eru þeir einn fyrir alla og allir fyrir einn skyldir að endurgjalda honum það tjón, sem hann líður við þetta, nema hann sje sjálfur orsök í brotinu; riett er að leggja löghald á báta og veiðarfæri til borgunar sektum, nema hann geti gefið aðra áreiðanlega vissu fyrir sektum og kostnaði.
10. Til þess að gæta þess, að samþykkt þessi ekki verði brotin, eða tilkynna strax að hún hafi verið brotin, sje skipuð þriggja manna nefnd í hreppnum, kys hreppsnefndin 1 úr sínum flokki til oddvita nefndarinnar, en hinir 2 skulu teknir úr flokki formanna bátanna og gengst oddviti fyrir því, að formenn þeir, sem uppsátur

187
14. des.

- hafa í hreppnum samkvæmt framanskriðu, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki fyrir byrjun vertíðar. Á öðrum, sem í verstöðinni eru, hvílir einnig þessi skylda.
11. Samþykkt þessa skal hafa prentaða til útbýtingar; borgar sýslusjóður helming kostnaðarins, en hinn helminginn af hlutaðeigandi hreppssjóði; samþykktina skal einnig birta í blaði Austanlands.
 12. Nefndin eptir 10. gr. tilkynnir hlutaðeigandi yfirvaldi þegar í stað, er hún hyggur, að samþykkt þessi sje brotin, og gjörir sitt ýrasta til að hjálpa til, að brot þetta verði sannað.
 13. Kostnaður sá, sem kann að leiða af samþykkt þessari, og ekki er gjört ráð fyrir borgun hans hjer að framan, borgist af hlutaðeigandi hreppssjóði eptir úrskurði sýslunefndar.
 14. Allir þeir, sem til útbalds liggja við innan línunnar, sem um er getið í 1. gr. þessarar samþykktar, eru bundnir við bana, og skal hún einnig ná til smáönglalagi þeirra, sem liggja til vers í Seley.
 15. Um sektir fyrir brot gegn þessari samþykkt fer samkvæmt 7. gr. í lögum 14. desember 1877, þannig að uppljóstrarmaður fær $\frac{1}{4}$, nefndin eptir 10. gr. $\frac{1}{4}$ í ómakslaun, $\frac{1}{2}$ í fátækra sjóð þann, er verstöðusamþykkt hans er brotin.

Viðaukagrein.

Nú kemur bátur í verstöðu og vill fá að halda þar úti, og má þá nefndin í 10. gr. leyfa honum það, ef hún sjer, að verstöðin ekki er of sett, upp á væntanlegt samþykki sýslumanns, en honum skal þegar í stað tilkynnt þetta af nefndinni.

*

*

*

Framanskriðu samþykkt var þannig staðfest á almennum fundi í Fáskrúðsfirði 21. ágúst þ. á. og samþykkt að gilda fyrst um sinn 1 ár af sýslunefnd Suðurmúlasýslu þann 15. septbr. 1880.

Jón Johnsen.

*

*

*

Samþykkt þessi staðfestist hjer með af undirrituðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag aprílmánaðar 1881, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 14. desember 1880.

Christiansson.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 11. desember var presturinn að Ríp síra Ólafur Bjarnarson skipaður prestur að Hofi: Hof- og Spákonufells sóknum í Húnavatnsprófastsdæmi frá fardögum 1881 að telja.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

1. (83) Sandar í Dýrafirði. Metið 485 kr. 62 a. Auglýst 11. maí 1875.
2. (75) Garpsdalur. Metið 423 kr. 88 a. Auglýst 25. maí 1880.
3. (135) Helgastabir. Metið 686 kr. 20 a. Auglýst 17. júlí 1876.
4. (87) Ögurþing. Metið 732 kr. 10 a. Auglýst 12. apríl 1880.
5. (96) Staður í Hrótafirði. Metið 504 kr. 12 a. Auglýst 6. júlí 1880.
6. (137) Skinnastabir. Auglýst 28. ágúst 1880.
7. (107) Ríp. Metið 386 kr. 29 a. Auglýst 20. des. 1880.

Öll þessi embætti verða veitt með þeim fyrirvara, að hlutaðeigandi sætti sig við sjerhverja þá breytingu á takmörkum prestakallanna o. fl., er leiðir af lögum um skipun prestakalla 27. febrúar 1880.